

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Hellu



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	3.5.2016	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Heimir Hoffritz	Staðsetning	431818,158	370443,172

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Ein athugasemd var gerð við rekstur stöðvarinnar.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í olíubirgðastöðina á Hellu og strax sást mikil breyting á yfirbragði stöðvarinnar. Búið er að taka til og fjarlægja olíutunnur á bak við stöðvarhúsið og yfirborð við olíugeymana grófjafnað með ferskum ofaniburði. Stöðvarhúsið hefur verið lagfært og málað, sett upp betri lýsing og bætt aðkoma. Mánaðarblöð í rekstrarhandbók voru yfirfarin og kom í ljós að þjálfar þarf sumarstarfsmenn í efriliti og skráningum við innra eftirlit í stöðinni. Allar þykktarmælingar og þrýstiprófanir eru í góðu lagi en enn hefur ekki fundist nein skráning á að mælingar á olíuleifum í fráveitu stöðvarinnar hafi verið framkvæmdar í fyrra. Olíuskilja var síðast þjónustuð (tæmd) í mars 2015.

Báðir geymar stöðvarinnar voru botnþykktarmældir árið 2009. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2014.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Bensín og aðrir rokgjarnir vökvar eru ekki geymdir í þessari stöð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennsli þróar og reyndist lokinn standa lokaður eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað.

Girðingar og hlið eru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Þjálfar þarf sumarafleysingamenn í eftirliti og að skrá í rekstrarhandbók niðurstöður eftirlits.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.05.2016

Gottskálk Friðgeirsson